

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG

ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

UM URÐUN SORPS Í GAMLA FLUGVÖLLINN

VIÐ KÓPASKER

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar sorpurðun við Kópasker, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Öxarfjarðarhreppur.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Sorpurðun í Öxarfjarðarhreppi. Sorp verður urðað í gamla flugvöllinn norður af Kópaskeri.

Markmið framkvæmdar: Að bæta ástand sorpfögunar í Öxarfjarðarhreppi til lengri tíma.

Frumathugun: Þann 17. febrúar 1998 tilkynnti Öxarfjarðarhreppur framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun tók formlega á móti framkvæmdinni með bréfi til Öxarfjarðarhrepps, dags. 11. mars 1998. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 20. mars 1998 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 20. mars til 24. apríl 1998 á sveitarskrifstofu Öxarfjarðahrepps og í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Leitað var umsagnar Öxarfjarðahrepps, Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framkvæmdin var kynnt Þjóðminjasafni Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Landgræðslu ríkisins og veiðimálastjóra. Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla unnin fyrir Öxarfjarðarhrepp af Benedikt Björgvinssyni. Janúar 1998.

Önnur gögn:

Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker. Halldór G. Pétursson. Náttúrufræðistofnun Íslands. Júní 1997.

2. UMSAGNIR OG SVÖR

Leitað var umsagnar sveitarstjórnar **Öxarfjarðarhrepps** með bréfi, dags. 12. mars 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 19. mars 1998. Þar segir m.a.:

„Frummat á umhverfisáhrifum urðunar sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker var unnið í samvinnu við sveitarstjóra og kynnt í hreppsnefnd öðru hvoru á meðan á vinnu við matsskýrsluna stóð. Sveitarstjórn tekur undir þær mótvægisáðgerðir sem koma fram í kaflanum á bls. 14 í skýrslunni og óskar eftir að þær verði settar inn í starfsleyfið frá Hollustuvernd ríkisins. Hreppsnefnd telur að matsskýrsla Benedikts Björgvinssonar geri nægjanlega grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.“

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 12. mars 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 14. apríl 1998. Þar segir m.a.:

„Náttúruvernd ríkisins leggst ekki gegn því að sorpurðunarstaður fyrir Öxarfjarðarhrepp verði á gamla flugvöllinum við Kópasker eins og lýst er nánar í matsskýrslu. Náttúruvernd ríkisins vill þó koma með eftirfarandi athugasemdir og áréttingar við matsskýrsluna:

- 1) *Ljúka þarf við deiliskipulag fyrir urðunarsvæðið.*
- 2) *Í matsskýrslunni er aðeins greint frá því að fimm strengja rafmagnsgirðing sé í kringum urðunarstaðinn. Ólíklegt er að slík girðing geti hindrað fok af svæðinu. Ekki kemur skýrt fram hvort ráðist verði í frekari girðingaframkvæmdir eða gerðar jarðvegsmanir til að minnka sjónmengun og koma í veg fyrir fok frá svæðinu. Gera þarf betur grein fyrir því hvernig þetta verður gert en urðunarstaðurinn er rétt við þjóðveginn.*
- 3) *Tryggja þarf að mokað verði jafnóðum yfir sorp til að koma í veg fyrir fok af svæðinu og hindra að fuglar og önnur dýr eigi aðgang að sorpinu.*
- 4) *Leita þarf álitis sérfræðinga að lokinni urðun með tilliti til vals á plöntutegundum til uppgræðslu. Í matsskýrslunni er eingöngu talað um að nota erlendar plöntutegundir eins og lúpínu, lerki og alaskavíðir. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að velja eigi plöntur til uppgræðslu m.t.t. grenndargróðurs svo að urðunarstaðurinn stingi ekki um of í stúf við næsta nágrenni.*
- 5) *Tryggja þarf að komið verði upp skipulegri flokkun á sorpi samfara því að nýr urðunarstaður verður tekinn í notkun eins og til stendur skv. matsskýrslu. Með því móti má koma í veg fyrir urðun á spilliefnum og öðrum óæskilegum úrgangi sem þarf að eyða á annan hátt jafnframt því sem að endurnýtanlegt sorp fer til endurvinnslu.*
- 6) *Engan sérstakan kafla er að finna í matsskýrslunni um efnistöku. Í fylgiskjali með skýrslunni „Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker“ er þó gert ráð fyrir að ekki þurfi að nota annað efni en það sem hægt er að vinna á urðunarstaðnum sjálfum. Komi til frekari efnistöku er það álit Náttúruverndar ríkisins að kanna þurfi það mál sérstaklega.*
- 7) *Ekki er vitað nákvæmlega hvert sigvatn frá urðunarstaðnum mun renna. Í skýrslunni eru leiddar líkur að því að sigvatn muni að öllum líkingum renna*

til suðurs og koma fram í Snartarstaðalæk. Í tillögum að starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins er lagt til að komið verði upp sýnatökustöðum við Snartarstaðalæk og Leirhöfn. Náttúruvernd ríkisins telur að einnig verði að svara þeirri spurningu hvort sigvatn renni til vesturs og að sýnatökustöðum verði bætt við til að kanna það.

8) Lítil sem engin umfjöllun er í matsskýrslunni um gróðurfar og dýralíf í nágrenni urðunarstaðarins. Til dæmis vantar lýsingu á því hvort fiskigengd sé í Snartarstaðalæk eða hvernig gróðurfari og fuglalífi sé háttáð á tjörnunum á milli urðunarstaðarins og strandarinnar og tjörnunum í kringum Kópasker. Vitað er t.d. að töluvert flórgoðavarp hefur verið á þessum slóðum (Kotatjörn). Áhrifa af menguðu sigvatni getur gætt langt út fyrir urðunarstaðinn. Það er því edlilegt að gerðar séu kröfur um náttúrufarslýsingu á nánasta nágrenni urðunarstaðarins og að sýnatökustaðir fyrir sigvatn séu það margir að mælingar gefi rétta mynd af hvar áhrifa þess gæti, sbr. hér að ofan.

9) Náttúruvernd ríkisins áskilur sér allan rétt til að koma með frekari athugasemdir ef og þegar tillögur Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað Öxarfjarðarhrepps verða lagðar fram til umsagnar.“

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi, dags. 12. mars 1998 og barst umsögn með bréfi, dags. 6. maí 1998. Þar segir m.a.:

„Meginniðurstaða skýrslunnar er að urðun úrgangs á fyrirhuguðum stað við flugvöllinn hafi ekki óæskileg áhrif á umhverfið nema síður væri. Óflokkaður úrgangur hefur til þessa verið brenndur í þró nálægt Kópaskeri, og óbrennanlegt sorp og brennsluleifar urðaðar í sprungu stutt frá þrónni. Mjög líklega hefur eitthvað af spilliefnum farið til förgunar hér áður fyrr. Því verður að telja að fyrirhuguð framkvæmd bæti verulega ástandið þar sem spilliefnum verður safnað sér og opin brennsla úrgangs ekki lengur stunduð, enda ekki leyfileg.

Hugsanleg efnamengun af völdum sigvatns er lauslega metin, hvernig grunnvatn geti farið eftir jarðskjálftasprungum. Urðunarstaðurinn er í jarðlögum sem hafa góða súeiginleika og ætti því mengunarhætta fyrir grunnvatn að vera lítil.

Ekki er í skýrslunni fjallað um gasmyndun frá úrgangi eða -nýtingu þess en athuga þarf myndun þess og hugsanlega nýtingu þar sem sláturúrgangur er verulegur hluti þess úrgangs sem fyrirhugað er að urða. Slíkur úrgangur getur stuðlað að verulegri gasmyndun sem gerir gassöfnun fýsilega, jafnvel á litlum urðunarstöðum.

Lítið er fjallað um endurvinnslu eða endurnýtingaráform Öxarfjarðahrepps. Það hefði e.t.v. mátt fjalla meira um opinbera stefnu í endurvinnslumálum, þ.m.t. einnig stefnu sveitarfélaga, t.d. reglugerð um umbúðaúrgang. Aukin endurvinnsla hefur áhrif á endingu svæðisins, en í skýrslunni er gert ráð fyrir að einungis Öxarfjarðarhreppur hafi aðgang að urðun þar.

Skýrslan gerir á viðunandi hátt grein fyrir öllum helstu efnisatriðum sem talin eiga vera í matsskýrslu fyrir framkvæmdir vegna meðferðar úrgangs. Hollustuvernd ríkisins telur að neikvæð og jákvæð áhrif fyrirhugaðrar

framkvæmdar hafi verið dregin þannig saman að ljóst sé að hún muni bæta verulega meðferð úrgangs í Öxarfjarðarhreppi.“

Leitað var umsagnar **Náttúrufræðistofnunar Íslands** með bréfi, dags. 12. mars 1998. Umsögn barst ekki.

Framkvæmdin var m.a. kynnt **Ferðamálaráði Íslands** með bréfi, dags. 12. mars 1998 og **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 21. apríl 1998.

Umsögn barst frá **Ferðamálaráði Íslands**, með bréfi dags. 30. mars 1998. Þar segir m.a. :

„Ekki þykir ástæða til að gera athugasemdir við val á urðunarstað eða aðferðum þeim sem fyrirhugað er að beita við urðun.“

Eina ábendingin sem undirritaður vill koma á framfæri er vegna mótvægisáðgerða við jarðraski, þar er talað um að draga úr sjónrænum áhrifum með því að sá lúpínu og gróðursetja alaskavíði og lerki.

Gróðursetning plantna er að öllu jöfnu til bóta fyrir umhverfið en getur verið til mikils lýti ef ekki er gætt samræmis við heildarmynd svæðisins, landslagsheildarinnar. Það er því spurning hvort leggja eigi sérstakt mat á gróðursetningar og áhrif þeirra á umhverfið.“

Umsögn barst frá **veiðimálastjóra**, með bréfi, dags. 11. maí 1998. Þar segir m.a. :

„Í ljósi fyrirliggjandi umsagna og upplýsinga telur undirritaður ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.“

Allar umsagnir voru sendar **Öxarfjarðarhreppi**. Í ljósi umsagna Náttúruverndar ríkisins og Ferðamálaráðs Íslands óskaði **Skipulagsstofnun** með bréfi, dags. 21. apríl 1998, nánari upplýsinga um:

- *„Áðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að takmarka fok af urðunarsvæðinu og minnka sjónræn áhrif framkvæmda af þjóðvegi.“*
- *Líkur á því hvort sigvatn kunni að renna til vesturs frá urðunarsvæðinu og hvernig fyrirhugað er að bregðast við því.*
- *Nánari upplýsingar óskast um fuglalíf, einkum varpfugla í nágrenni urðunarsvæðisins, s.s. tjörnum milli gamla flugvallarins og strandarinnar og tjörnum kringum Kópasker. Einnig er óskað upplýsinga um fiskgengd í Snartarstaðalæk.“*

Svar **Benedikts Björgvinssonar** barst með bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 4. maí 1998, þar segir m.a.:

„Ekki er fyrirhugað að reisa rammgerðari girðingu en þá sem búið er að girða, eða setja upp jarðvegsmanir til að hindra fok. Eins og fram kemur í skýrslunni verða grafnar allt að 4ra metra djúpar gryfjur í flugbrautina, þannig að þegar búið er að sturta rusli í gryfjuna, þá á að vera auðvelt að hindra fok úr gryfjunni, með því að moka jarðvegi yfir, eða leggja grind yfir. Það veltur því mest á góðri umgengni verktakans sem sér um urðunina að sjónmengun verði í lágmarki.“

Til að tryggja sem best að umgengni verktakans verði í góðu lagi er fyrirhugað, ef starfsleyfi fæst, að í útboðslýsingu og samningi við verktaka um sorphirðu og sorpurðun, verði eftirfarandi ákvæði:

„Verktaki sér um að hreinsa allt rusl sem fjúka kann frá sorpgámum og/eða urðunargryfjum. Ef misbrestur verður á ofangreindri hreinsun, eða umgengni og frágangur verktaka á gámasvæði og/eða urðunarsvæði er ábótavant að mati sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps, er Öxarfjarðarhreppi heimilt að stöðva umsamdar greiðslur til verktaka, þar til úr verður bætt. Ef ágreiningur kemur upp varðandi ofangreind atriði, skal viðkomandi heilbrigðisfulltrú skera úr. Ef annar hvor málsaðila unír ekki úrskurði heilbrigðisfulltrúa, getur hann vísað ágreiningi til Hollustuverndar ríkisins.“ [...]

Í bréfi Halldórs G. Péturssonar til Öxarfjarðarhrepps, dags. 24/4 s.l., segir m.a.:

„Eins og kemur fram í skýrslu minni, Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker (bls. 18) er líklegast að sigvatn frá fyrirhuguðum sorphaugum komi fram við norðanverðan Snartarstaðalæk, þar sem það verður fyrir mikilli þynningu. Kröftugur grunnvatnsstraumur í tengslum við lækinn dregur að sér grunnvatn úr svæðinu, þar á meðal urðunarsvæðinu. Auk þess stefna sprungur og misgengi á svæðinu, norður-suður og beina rennslinu enn frekar í átt að Snartarstaðalæk. Engum öðrum kröftugum grunnvatnsstraumum er til að dreifa á svæðinu, þannig að rennslisleið til vesturs virðist ólíkleg, enda rynni þá vatnið þvert á alla ríkjandi jarðfræðipætti,”

Og síðar í sama bréfi:

„...í áratugi hefur verið urðað í misgengi sem aðeins eru nokkra metra frá tjörnunum. Það er því nokkuð seint að ætla sér að vernda vatnið í tjörnunum núna. Ef menn vilja kanna þetta frekar þá verður að beita efnagreiningum og ætti að reyna að taka þau vatnssýni sem næst þeim stað er Orkustofnunarmenn tóku sín sýni á áttunda áratugnum.“

Í ljósi þessa er eðlilegt að taka vatnssýni úr Klifatjörn og Kotatjörn í sumar og síðan á 5 ára fresti. [...]

Í matsskýrslunni um „urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker“ á bls. 10 - 11, kemur fram að í nágrenni urðunarstaðarins finnast ekki uppsprettur á mjög stóru svæði. Nánar tiltekið gætu þetta verið um 30 - 40 ferkílómetrar, þ.e. svæði sem afmarkast af Seltjörn norðan Snartarstaðanúps í norðri, Leirhafnafjöllum í austri, Snartarstaðalæk í suðri og í vestri af Kotatjörn, Klifatjörn og Baðstofutjörn. Á þessum 30 - 40 ferkílómetrum er því ekki annað vatn að ræða en það sem fellur til sem úrkoma. Stór hluti þessa svæðis er ógróinn, sbr. mynd nr. 4 í matsskýrslunni, en á myndinni er gróðurþekjan sýnd með rauðum lit. Þar sem gróður og vatn eru í lágmarki, er ekki við því að búast að dýra- og fuglalíf sé fjölbreytt.

Gamli flugvöllurinn er inni á „vatnslausa“ svæðinu, þ.e. um 3 km. frá austurhlíðum Leirhafnarfjalla, 2 km frá Snartarstaðalæk, rúmlega 1 km frá Klifatjörn og Baðstofutjörn og 7 - 8 km norður í Seltjörn. [...]

Flestar fuglategundir sem verpa hér í Núpasveit, þ.e. frá Snartarstaðanúp í norðri í Öxarnúpi í suðri, velja sér varpstað þaðan sem stutt er í vatn eða sjó,

t.d. er æðarvarp við Kotatjörn, Kríuvarp við vitann (á svæðinu milli sjávar og Klifa- og Baðstofutjarnar). Mófuglar eru algengir í nágrenni Kópaskers en varp þeirra er meira bundið við gróna svæðið við ströndina milli Kópaskers og Snartarstaðanúps, sem sýnt er með rauðum lit á mynd 4 í matsskýrslunni, en „vatnslausa“ svæðið sem er lítt gróið. [...]

Hér verða tilgreindir staðir, þar sem er vitað um varp máfa, tilgreind er helsta tegund á hverjum stað og fjarlægð (loflína) frá „gamla flugvellinum„: Kotatjörn (hettumáfur, 1,7 km), Snartarstaðanúpur (svartbakur, 4 - 5 km) og Öxarnúpur (svarbakur, 13 - 17 km). Vert er að árétta að með því að urða í gamla flugvöllinn er reynt að draga úr æti fyrir máva.

Fiskgengd í Snartarstaðalæk hefur farið minnkandi. Áður fyrr veiddist bleikja allt að 2 - 3 pund, en síðust árin nær hún varla meira en ½ pundi að sögn Sigurðar Ingimundarsonar (f. 1913) bónda á Snartarstöðum. Hann taldi að þessi þróun hefði verið byrjuð áður en minkurinn komi til sögunnar. “

Allar umsagnir og svör liggja frammi hjá Skipulagsstofnun þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.

4. UMHVERFISÁHRIF URÐUNAR SORPS Í GAMLA FLUGVÖLLINN VIÐ KÓPASKER

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt sorpurðun í aflögðum flugvelli, um 2 km norðan við Kópasker.

4.1.1 Fyrirhuguð starfsemi

Urðunarstaðurinn mun taka við sorpi og öðrum úrgangi frá íbúum Öxarfjarðarhrepps, frá Jökulsárbrú að Þistilfirði, sem eru um 400 talsins. Athafnasvæðið verður um 32 ha og mun skiptast upp í gámasvæði, urðunarsvæði fyrir neysluúrgang, urðunarsvæði fyrir lífrænan úrgang og geymslu fyrir brotajárn. Urðun mun fara fram í flugbrautinni sem er um 1100 m að lengd og um 60 m breið, alls um 6 ha.

Gert er ráð fyrir að urða 400 - 500 tonn af úrgangi á ári og er áætlað að urðunarsvæðið muni endast í 20 - 30 ár. Áætlað er að urða 200 tonn af heimilsúrgangi og öðrum neysluúrgangi, s.s. timbur, fyllingarefni og rúllubaggplast. Lífrænn úrgangur og seyra verða urðuð syðst á flugbrautinni. Áætlað magn lífræns úrgangs er um 200 tonn á ári og er mestur hluti þess sláturúrgangur. Brotajárni verður safnað saman og geymt í malargryfju norðan við flugvöllinn þar til það verður flutt til endurvinnslu. Gámasvæði fyrir sorpmóttöku frá íbúum verður við innkeyrslu flugvallarins.

Tekið er á móti rafgeymum og öðrum spilliefnum í áhaldahúsi hreppsins og verður þeirri móttöku haldið áfram.

4.1.2 Frágangur urðunarsvæðisins

Sorp verður urðað í allt að 4 m djúpum gryfjum og verður jarðvegi mokað yfir gryfjurnar að sorplosun lokinni, til að koma í veg fyrir fok og aðgang dýra að því. Athafnasvæðið verður girt af með 5 strengja rafmagnsgirðingu til að halda búfé frá svæðinu. Gámasvæðið verður afgirt til að tryggja að um urðunarsvæðið fari ekki aðrir en verktakar sem sjá um urðun.

4.1.3 Aðrir kostir

Skoðaðir hafa verið tveir aðrir kostir fyrir sorpurðun Öxarfjarðarhrepps; Háubakkavík við Snartarstaðanúp og undir Leirhafnarfjöllum.

Háubakkavík var ekki talin koma til greina þar sem leggja þyrfti 2 - 3 km langan veg um gróið land frá þjóðvegi í Háubakkavík, auk þess sem samkomulag við landeigendur lá ekki fyrir. Urðunarstaður undir Leirhafnarfjöllum er talinn óheppilegur vegna snjóþyngsla.

4.2 NÚVERANDI ÁSTAND Í SORPURÐUNARMÁLUM VIÐ KÓPASKER

Mestur hluti húsasorps sem til fellur í Öxarfjarðarhreppi er brenndur í sorpbrennsluþró, um 1 km norðan við Kópasker. Núverandi brennslu- og urðunarstaður fullnægir ekki kröfum heilbrigðisyfirvalda og hefur sorpbrennsluþróin á Kópaskeri verið rekin á undanþágu frá 1. des. 1995 þegar mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 m.s.b. tók gildi. Auk þess stafar flugumferð hættu af nálægð urðunarstaðarins við núverandi flugvöll rétt norðan við Kópasker, þar sem fuglar sækja í urðunarstaðinn.

Óbrennanlegt sorp var til ársins 1994 urðað í misgengissprungu um 200 m norðan við núverandi urðunarstað. Undanfarin fjögur ár hefur verið urðaður sláturúrgangur, u.þ.b. 200 tonn á ári á fyrirhuguðu sorpurðunarsvæði í gamla flugvellinum. Eftir að nýr sorpurðunarstaður verður tekinn í notkun verður gamli sorpbrennsluofninn brotinn niður og urðaður og núverandi urðunarstað lokað og svæðið grætt upp.

4.3 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 er sveitarfélögum skylt að annast sorphirðu og sorpeyðingu. Núverandi sorpbrennsla og sorpurðun við Kópasker uppfyllir ekki skilyrði mengunarvarnareglugerðar.

Í frummatsskýrslu kemur fram að mikilvægar hönnunarforsendur framkvæmdanna séu að stofn- og rekstrarkostnaður vegna sorpurðunar sé innan viðráðanlegra marka, jafnframt því sem umhverfissjónarmiða sé gætt. Því er mikilvægt að akstursvegalengdir með sorp verði sem stýstar og vegalagning og aðrar tengdar framkvæmdir séu í lágmarki.

Stefnt er að stóraukinni flokkun á úrgangi og endurvinnslu á næstu árum. Náðst hafa samningar um endurvinnslu á brotajárni og flutning á spilliefnum við Sorpsamlag Þingeyinga. Endurvinnsla á pappír og rúlluplasti er í athugun hjá héraðsnefnd Þingeyinga. Spilliefni eru send til endurvinnslu á Akureyri.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að tryggja þurfi að komið verði upp skipulegri flokkun á sorpi samfara því að nýr urðunarstaður verður tekinn í notkun. Komið verði

í veg fyrir urðun á spilliefnum og öðrum óæskilegum úrgangi sem þarf að eyða á annan hátt jafnframt því sem að endurnýtanlegt sorp fer til endurvinnslu. Hollustuvernd ríkisins telur að í ljósi flokkunar úrgangs, söfnunar spilliefna og að opinni brennslu verður hætt muni fyrirhuguð framkvæmd bæta verulega meðferð úrgangs í Öxarfjarðarhreppi. Bent er á að æskilegt hefði verið að fjalla meira um opinbera stefnu Öxarfjarðarhrepps í endurvinnslumálum, en aukin endurvinnsla hefur áhrif á endingu svæðisins. Ennfremur er vakin athygli á mögulegri gasmyndun frá lífrænum úrgangi og að athuga þurfi hugsanlega nýtingu þess sem gæti verið fýsilegt, jafnvel á svo litlum urðunarstað.

Samkvæmt frummatsskýrslu verða sjónræn áhrif af urðuninni nokkur þar sem þjóðvegurinn til Raufarhafnar liggur um 200 m vestan við gömlu flugbrautina. Frá Kópaskeri sést í syðsta hluta flugbrautarinnar. Dregið verður úr sjónmengun við urðunarstaðinn eins og kostur er með gróðursetningu og í útboðsgögnum verði gerðar kröfur til verktaka hvað varðar umgengi.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemd við þær tillögur sem kynntar eru í matsskýrslu sem eiga að draga úr sjónmengun og hindra fok af svæðinu. Gera þurfi betri grein fyrir hvort ráðist verði í frekari girðingaframkvæmdir og hvort komið verði fyrir jarðvegsmönnum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi að mokað verði jafnóðum yfir sorp til að koma í veg fyrir fok af svæðinu og hindra að fuglar og önnur dýr eigi greiðan aðgang að sorpinu.

Í drögum að starfsleyfi¹ eru gerðar kröfur um að fokvarnir skuli vera til staðar á urðunarsvæðinu. Koma skuli fyrir jarðvegs- og gróðurmönnum sem þjóni þeim tilgangi að veita skjól fyrir vindi og byrgja sýn inn á svæðið.

Í svari Benedikts Björgvinssonar, dags. 30. apríl 1998, kemur fram að frekari mótvægisaðgerðir til varnar foki á svæðinu séu ekki fyrirhugaðar. Fok úr gryfjum verði hindrað með því að moka jarðvegi yfir sorpið eða leggja grind yfir það. Í útboðslýsingu og samningi við verktaka verða sett ákvæði um ábyrgð verktaka við frágang við urðun og hreinsun rusls sem kann að fjúka úr sorpgámum og/eða urðunargryfjum.

¹ Fylgiskjal 8, með frummatsskýrslu.

4.4 ÁHRIF Á GRUNNVATN

Jarðlög

Vestan við flugbrautina er meginsigsvæði sprungukerfisins sem liggur eftir endilangri vesturströnd Melrakkaslétu með opnum sprungum og misgengjum. Berggrunnur svæðisins er ungur og hripar vatn auðveldlega niður í hann.

Við úttekt Halldórs G. Péturssonar² á jarðlögum og sprungum á urðunarsvæðinu voru grafnar 16 könnunarholur á flugbrautinni og í nágrenni hennar. Niðurstöður rannsóknna sýndu að yfirborð flugbrautarinnar er um 0,8 - 1,8 m þykkt og undir mestum hluta flugbrautarinnar er um 2 m þykkur sandur ofan á jökulruðningi. Á um 200 m kafla við suðurenda flugbrautarinnar er jökulruðningur við yfirborð brautarinnar. Þykkt lausra jarðlaga ofan á berggrunninn er áætluð um 5 - 10 m og eru jarðlög undir urðunarstaðnum talin hafa góða síunareiginleika þar sem þau eru mjög þétt og vatnsstreymi því hægt.

Engin merki um sprungur eða niðurföll í sprungum komu fram í könnunarholum í og við flugbrautina, en talið er að sprungur leynist við norðurenda brautarinnar þar sem niðurföll myndaðist við Kópaskerskjálftann árið 1976.

Í frummatsskýrslu kemur fram að urðað verður yfir úrgang með því efni sem mokað er úr gryfjum og er frekari efnistaka ekki talin nauðsynleg. Náttúruvernd ríkisins bendir á að komi til frekari efnistöku þurfi að kanna það mál sérstaklega.

Vatnafar

Afrennsli á stórum hluta Melrakkaslétu er neðanjarðar sem grunnvatn og er svæðið vestan Leirhafnarfjalla nær lindalaust. Aðrir vatnsfarvegir á svæðinu eru þurrir meiri hluta ársins og virðast aðeins nýttir í leysingum.

Eina uppsprettan í nágrenni urðunarstaðarins er Snartarstaðalækur. Snartarstaðalækur var til skamms tíma nýttur sem vatnsból Kópaskers en vatnstöku var hætt í læknum eftir rannsóknir á efnainnihaldi vatnsins. Núverandi vatnból Kópaskers er við Katastaðafjall, í upptakalindum Klapparóss. Næstu vatnsból norðan við Kópasker eru í Leirhöfn og er vatnasvið þeirra ofan og austan við Leirhöfn. Lítil hætta er talin á að grunnvatn frá urðunarsvæðinu komist suður fyrir Snartarstaðalæk að núverandi vatnsbóli Kópaskers við Katastaðafjall vegna grunnvatnsstrauma og legu sprungna og misgengja við vatnsbólin við Katastaðafjall sem tengjast austar í sprungukerfinu en brotalínurnar við urðunarstaðinn.

Norðan við þorpið eru smátjarnir sem eru aðrennslis- og frárennslislausar³ og er talið að yfirborð þeirra falli saman við sjávarmál.

Samkvæmt úttekt Halldórs G. Péturssonar² benda rannsóknir til þess að sigvatn sem berst niður frá urðunarstaðnum berist til austurs í átt til Snartarstaðalækjar. Grunnvatnsstraumur er sterkastur við lækinn og er talið að hann dragi að sér rennsli úr nágrenninu, þar á meðal frá urðunarsvæðinu. Ósennilegt er talið á grundvelli stefnu og legu sprungna á svæðinu að sigvatn komi fram í upptökum lækjarins. Rennsli er mikið í Snartarstaðalæk (tugir l/sek) og þynning því mikil.

² Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker. Náttúrufræðistofnun Íslands. Akureyri, júní 1997.

³ Fylgiskjal 10, með frummatsskýrslu.

Náttúruvernd ríkisins telur nauðsynlegt að kanna hvort sigvatn frá urðunarstaðnum muni renna til vesturs og að sýnatökustöðum verði bætt við þá staði sem kynntir eru í matsskýrslu.

Í svari Benedikts Björgvinssonar er vísað til bréfs Halldórs G. Péturssonar, dags. 24. apríl 1998 þar sem fram kemur að líklegast sé að sigvatn frá fyrirhugaðri sorpurðun komi fram við norðanverðan Snartarstaðalæk vegna grunnvatnsstraums, legu sprungna og misgengis á svæðinu. Engum öðrum kröftugum grunnvatnsstraumum er til að dreifa á svæðinu, þannig að rennislísið til vesturs virðist ólíkleg, enda rynni þá vatnið þvert á alla ríkjandi jarðfræðiþætti. Ef vatnið rennur til Snartarstaðalækjar, eins og allt bendir til, verður mikil þynning á siturvatinu þegar það mætir læknum. Minni þynning yrði, ef svo ólíklega vildi til að vatnið rynni til vesturs. Minnt er á að vatnið í tjörnunum er þegar orðið mengað af siturvatni, því í áratugi hefur verið urðað í misgengi sem aðeins er nokkra metra frá tjörnunum.

4.5 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Samkvæmt frummatsskýrslu er nágrenni urðunarstaðarins að mestu ógrónir melar og klappir. Samkvæmt úttekt Halldórs G. Péturssonar² er kjarrivaxið holt austan flugbrautarinnar en að öðru leyti ná gróðurlausir melar allt að rótum Leirhafnarfjalla. Vestan við flugbrautina er gróið holt, en til norðurs og suðurs frá fyrirhuguðum urðunarstað eru flatir gróðurvana melar. Talsverður uppblástur hefur verið í nágrenni Leirhafnarfjalla. Landgræðsla ríkisins mun annast uppgræðslu á svæðum í kringum flugbrautina og á þeim svæðum þar sem urðun hefur átt sér stað. Fyrirhugað er að sá lúpínu og gróðursetja lerki og alaskavíði við urðunarsvæðið.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemd við notkun erlendra tegunda við uppgræðslu og telur að leita skuli álits sérfræðinga um val á plöntutegundum og þær valdar með hliðsjón af nærliggjandi gróðri. Ferðamálaráð Íslands leggur áherslu á að við gróðursetningu plantna sé gætt samræmis við heildarmynd svæðisins.

Ekki var gerð sérstök úttekt á dýralífi í nágrenni urðunarstaðarins en samkvæmt frummatsskýrslu er dýralíf fábreytt, enda eigi gróður erfitt uppdráttar vegna vatnsskorts á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemd við umfjöllun um gróður og dýralíf í matsskýrslu. Lýsingu skorti á fiskigengd í Snartarstaðalæk, ásamt gróðurfari og fuglalífi á tjörnum milli urðunarstaðarins og strandarinnar og tjörnum við Kópasker.

Í svari Benedikts Björgvinssonar, kemur fram að varp fugla á svæðinu er að mestu í nágrenni við vatn eða sjó, s.s. æðarvarp við Kotatjörn við Kópasker og kríuvarp á svæðinu milli sjávar og Klifa- og Baðstofutjarnar við Kópasker. Mófuglar eru algengir í nágrenni Kópaskers en varp þeirra er að mestu bundið við gróna svæðið vestan urðunarstaðarins. Vitað er um hettumáv við Kotatjörn í 1,7 km fjarlægð frá urðunarstaðnum, svartbak við Snartarstaðanúp (4 - 5 km fjarlægð) og við Öxarfjarðarnúp (13 - 17 km fjarlægð). Fiskur er í Snartarstaðalæk, en samkvæmt heimildum heimamanna hefur fiskgengd farið minnkandi í læknum. Veiðimálastjóri telur ekki ástæðu til frekari afskipta að málinu.

4.6 HÆTTUR

Urðunarsvæðið er staðsett á virku sprungukerfi á vesturströnd Melrakkaslétu. Samkvæmt úttekt Halldórs G. Péturssonar² teljast jarðskjálftar algengir í Öxarfirði og nágrenni Melrakkaslétu og geta sterkir jarðskjálftar og jarðskorpuhreyfingar haft töluverð áhrif á urðunarsvæðið ef sprungur myndast undir því. Árið 1976 varð jarðskjálfti í Öxarfirði (Kópaskersskjálftinn) af stærðargráðunni 6,3 á Richter kvarða. Eldgosahætta er einnig til staðar á sprungukerfi vesturstrandar Melrakkaslétu.

Halldór G. Pétursson² telur að undan norðanverðri flugbrautinni leynist smásprungur, e.t.v. nokkurra cm breiðar þar sem niðurfall myndaðist við jarðskálftann 1976. Samkvæmt frummatsskýrslu verður lagt ríkt á við verktaka sem mun sjá um sorpurðun að urðun verði hætt þar sem sprungur finnast á urðunarsvæðinu og tekin ný hola í hæfilegri fjarlægð.

Fyrirhuguðu urðunarsvæði stafar einnig hætta af skyndilegum vatnsflóðum af völdum leysinga. Við suður- og norðurenda flugbrautarinnar eru þurrir leysingafarvegir sem flytja vatn af svæðinu frá Leirhafnarfjöllum og er talið að þar geti orðið töluverð vatnsflóð í asahláku. Merki er um að leysingavatn hafi runnið af flugvellinum austan við flugbrautina. Koma má í veg fyrir flóðahættu við urðunarsvæðið með byggingu varnargarða sem beina leysingavatni frá svæðinu.

4.7 VÖKTUN

Í frummatsskýrslu kemur fram að eftirlit með mengun grunnvatns verði bundið í væntanlegu starfsleyfi og gerðar verði mælingar á grunnvatni í Snartarstaðalæk og í Leirhöfn. Við mælingar á mengun grunnvatns verði farið eftir fyrirmælum frá Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Náttúruvernd ríkisins telur að bæta skuli við sýnatökustöðum til að kanna rennsli sigvatns til vesturs. Í bréfi Halldórs G. Péturssonar, dags. 24. apríl 1998, kemur fram að ef kanna eigi áhrif sigvatns vestur af urðunarstaðnum verði að beita efnagreiningu og ætti að reyna að taka þau vatnssýni sem næst þeim stað þar sem sýni voru tekin á vegum Orkustofnunar á áttunda áratugnum. Í svari Benedikts Björgvinssonar, dags. 30. apríl 1998, kemur fram að eðlilegt sé talið að vatnssýni verði tekin úr Klifatjörn og Kotatjörn í sumar og síðan á 5 ára fresti.

4.8 SKIPULAG

Sorpurðunarsvæðið er utan gildandi aðalskipulags Kópaskers og er ekkert skipulag í gildi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Skipulagsstofnun mælti með auglýsingu deiliskipulags af urðunarsvæðinu skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1993 m.s.b., samhliða auglýsingu um mat á umhverfisáhrifum. Afgreiða þarf deiliskipulag þegar niðurstaða frummatsskýrslu liggur fyrir.

Jafnframt er vísað til 27. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem fram kemur að framkvæmdirnar eru framkvæmdaleyfisskyldar.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Megintilgangur sorpurðunar í gamla flugvöllinn við Kópasker er að bæta ástand sorpförgunar í Öxarfjarðarhreppi til lengri tíma og uppfylla kröfur mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 m.s.b. um sorpförgun.

Samfélagsleg áhrif framkvæmdanna eru talin verða jákvæð þar sem opin brennsla úrgangs leggst af og kröfur heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðar varðandi sorpförgunarmál sveitarfélagsins verða uppfylltar. Tekið er undir ábendingar Hollustuverndar ríkisins um að umfjöllun um endurvinnslu í ljósi stefnu sveitarfélagsins hefði mátt vera ítarlegri.

Sorpurðunin er fyrirhuguð á röskuðu svæði og er ekki talið að framkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á gróður í nágrenni svæðisins. Við frágang og uppgræðslu verði tekið mið af gróðri í nágrenni svæðisins.

Sjónræn áhrif sorpurðunarinnar verða nokkur og er æskilegt að við urðun og frágang svæðisins verði dregið úr þeim áhrifum eins og kostur er. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir fok frá urðunarstaðnum. Frágangur og fokvarnir verði ákveðnar í deiliskipulagi. Tryggt verði að jarðvegi verði mokað yfir sorp að lokinni sorplosun.

Fuglalíf hefur lítið verið kannað í nágrenni urðunarsvæðisins. Í ljósi reynslu frá öðrum svæðum sækja mávar á urðunarsvæði. Æskilegt er að kortleggja mávabyggðir innan 10-15 km fjarlægðar frá urðunarstaðnum. Kortlagningin fari fram áður en frekari framkvæmdir hefjast og aftur þremur árum síðar. Þannig er unnt að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mávabyggðunum sem rekja mætti til breyttra lífsskilyrða með tilkomu urðunarstaðarins og grípa til gagnráðstafana á urðunarstöðunum ef þörf er talin á því.

Hætta á grunnvatnsmengun vegna sigvatns frá urðunarsvæðinu er talin lítil vegna síunareiginleika jarðlaga og takmarkaðra linda í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Berist sigvatn í grunnvatn, er talið líklegt að það muni leita til suðurs í átt að Snartarstaðalæk þar sem þynning er mikil. Nauðsynlegt er að fylgjast með efnamengun grunnvatns í nágrenni Kópaskers. Líklegt er talið að vatn í tjörnum norðan Kópaskers sé þegar mengað. Vistkerfi þeirra er ekki talið verða fyrir skaðlegum áhrifum af völdum framkvæmdarinnar, þar sem ólíklegt er talið að sigvatn leiti vestur frá urðunarstaðnum. Urðunarsvæðið er staðsett á virku sprungukerfi og niðurfall myndaðist við norðurenda flugbrautarinnar eftir jarðskjálfta 1976. Ef sprungur koma í ljós við framkvæmdir verði ekki urðað í nágrenni þeirra.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að fyrirhuguð urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til umfjöllunar í 5. kafla er fallist á fyrirhugaða urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu með eftirfarandi skilyrðum:

1. Jarðvegi verði mokað jafnóðum yfir sorp. Frágangur á urðunarsvæði og fokvarnir verði ákveðnar í deiliskipulagi.
2. Fylgst verði með mengunarefnum í grunnvatni í nágrenni Kópaskers í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
3. Ef sprungur koma í ljós við framkvæmdir verði ekki urðað í nágrenni þeirra.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. júní 1998.

Reykjavík, 15. maí 1998

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir